

Lög Golfklúbbsins Vestarr Grundarfirði

I. Heiti, heimili og hlutverk

1. grein

Félagið heitir Golfklúbburinn Vestarr, Grundarfirði. (GVG).

Heimili þess og varnarþing er í Grundarfirði.

GVG er aðili að Héraðssambandi Snæfellsness og Hnappadalssýslu, (HSH), Ungmennafélagi Íslands, (UMFÍ), Íþróttá og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSí) og Golfsambandi Íslands, (GSÍ).

2. grein

Markmið GVG á hverjum tíma er að efla áhuga manna á golfíþróttinni og að vinna að framgangi hennar.

Félagið rekur íþróttasvæði til golfiðkunar og skapar félögum aðstöðu til golfiðkunar.

II. Félagsmenn

3. grein

Félagar geta allir orðið sem hafa áhuga á að styðja markmið félagsins og óska aðildar með skriflegri umsókn.

4. grein

Samþykktur umsækjandi telst félagsmaður og skal skráður á félagaskrá þegar hann hefur greitt ákvörðuð gjöld. Um félagsaðild og þátttöku félagsmanna á golfmótum skal farið að lögum og reglum ÍSí og GSÍ.

5. grein

Aðalfundur ákveður árgjald. Stjórn sér um innheimtu gjalda og ákveður gjalddaga. Þeir sem ekki greiða árgjald fyrir eindaga fyrirgera rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni fyrr en árgjald hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Árgjöld eru ekki endurgreidd þrátt fyrir úrsögn félagsmanns.

6. grein

Árgjald skal greitt eða samið um greiðslu þess fyrir 1. mars ár hvert. Hafi árgjald ekki verið greitt fyrir 1. apríl er félagsstjórn heimilt að fella viðkomandi af félagaskrá. Stjórn félagsins er heimilt að bjóða félagsmönnum upp á greiðsludreifingu árgjalda með kreditkortum eða öðrum viðurkenndum greiðsluaðferðum. Skilyrði er að félagið beri ekki kostnað af slíkum samningum. Eftir umsókn félagsmanns, og ef um er að ræða sérstakar aðstæður hans, er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjalda.

7. grein

Við golfleik skal farið eftir St. Andrews golfreglum eins og þær eru á hverjum tíma og þeim reglum sem GSÍ setur. Svo fremi sem þessar golfreglur banna ekki, getur stjórnin sett sérreglur (staðarreglur) um golfleikinn og um umgengni og annað sem henni þykir þurfa hverju sinni.

8. grein

Félagsmenn eru skyldugir að fara eftir þeim golfreglum sem gilda á hverjum tíma enda sér stjórnin um að þær séu nægilega kynntar og aðgengilegar félagsmönnum.

Stjórnin skal setja reglur um skráningu rástíma, leikhraða, umgengni og framkomu á golfvelli og í klúbbhúsi. Brjótí félagsmaður alvarlega eða ítrekað gegn reglum félagsins getur stjórnin beitt viðkomandi viðurlögum sem geta verið áminning, tímabundinn missir réttinda til þess að skrá

Lög Golfklúbbsins Vestarr.

rástíma, tímabundinn missir réttinda til þess að leika á golfvöllum félagsins eða brottvísun úr félaginu. Stjórnin getur skipað aganefnd til þess að fara með aga vald sitt. Brottvísun úr félaginu skal þó ætíð háð samþykki stjórnarinnar.

III. Stjórn og framkvæmdastjórn

9. grein

Kjörgengir til stjórnarstarfa eru lögráða félagsmenn.

10. grein

Stjórn klúbbsins skipa: Formaður, ritari, gjaldkeri og formenn nefnda annarra en skemmtinefndar samanber grein 13. Skulu formaður, ritari og gjaldkeri kosnir skriflega á aðalfundi. Formaður til eins árs í senn en ritari og gjaldkeri til tveggja ára í senn. Gangi formaður úr stjórn á kjörtímabilinu tekur ritari við sem formaður fram næsta kjöri. Stjórn er heimilt að velja ritara úr sínum hóp fram að næsta kjöri.

Stjórnarmenn má endurkjósa gefi þeir kost á sér.

Einnig skulu formenn nefnda sbr. 13. grein kosnir á aðalfundi.

Tveimur vikum fyrir aðalfund skal stjórn skipa 3 manna kjörnefnd. Einn nefndarmanna skal vera úr stjórn, þó ekki formaður. Kjörnefnd skal leita eftir framboðum til embætta sem kjósa skal í og sjá til þess að a.m.k. einn frambjóðandi sé til hvers embættis. Stjórnin getur jafnframt falið kjörnefnd að leita eftir framboðum eða tillögum um skipan nefnda, sbr. 13. grein.

11. grein

Stjórnin ákveður sjálf starfstilhögun sína (sjá þó 13. grein). Stjórn skal funda reglulega og skal formaður boða stjórn til fundar. Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna situr stjórnarfund. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála ef fyrir hendi eru aðstæður sem eru til þess fallnir að draga óhlutdrægni þeirra í efa með réttu.

12. grein

Stjórn getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en vinnur sjálf ólaunuð. Hún kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þá þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana sem hafa mikil fjárútlát í för með sér. Hún getur tilnefnt heiðursfélaga. Tilnefningar um heiðursfélaga skulu lagðar fyrir aðalfund til samþykkis.

Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum eða opnum stjórnarfundum.

13. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir:

1. Móta og forgjafarnefnd.
2. Vallar og aganefnd, undirnefnd Véla og Tækjanefnd.
3. Kvennanefnd.
4. Fjáröflunarnefnd.
5. Unglinga- og nýliðanefnd.
6. Skálanefnd.
7. Skemmtinefnd.

Tvær fyrst töldu nefndirnar starfa samkvæmt reglum GSÍ en hinar fimm sem hér er tilgreint að neðan. Í hverri nefnd skulu vera 3 til 5 aðilar.

Lög Golfklúbbsins Vestarr.

Skemmtinefnd, sér um fræðslu- og skemmtisamkomur, meðal annars að vetrarlagi, kynningarsamkomur svo sem skemmtanir í tengslum við meiriháttar kappleiki. Skemmtinefnd sér um að halda árshátíð/upspskeruhátíð að loknu sumarstarfi.

Fjáröflunarnefnd, leitast við að afla klúbbum fjár til styrktar starfseminni, til dæmis með auglýsingum sem geta verið á skorkortum, félagskírteinum, teigamerkjum og í eða á klúbbhúsi. Í samvinnu við skemmtinefnd getur hún staðið fyrir veitingasölu á kynningarsamkomum o.fl.

Unglinga- og nýliðanefnd, annast unglिंगastarf innan klúbbsins. Hún aðstoðar unglinga í leik og keppni, hvetur þá til æfinga og fær þeim þjálfara eða tilsögn eftir því sem kostur er. Auk þess er hún unglिंगum innan handar í unglिंगakeppnum. Nefndin er byrjendum í íþróttinni til aðstoðar. Hún fær þeim kennara eða tilsagnarmenn í upphafi og sér til þess að þeir verði færir um að leika á vellinum á eigin spýtur án þess að valda skaða eða vandræðum. Hún kynnir nýliðum siðareglur og leikreglur

Skálanefnd sér um að starfsmenn hirði skála þannig að sómi sé að og sér um allar meiriháttar breytingar á skála

Véla og tækjanefnd sér um að tækin séu yfirfarin að vori og hausti og tekur allar meiriháttar ákvarðanir hvað varðar viðhald og umsjón í samráði við stjórn

14.grein

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum klúbbsins. Aðalfundinn skal halda fyrir 15 febrúar ár hvert. Á öðrum tíma ársins getur stjórn boðað til almenns félagsfundar ef henni þykir henta eða ef a.m.k. 10 félagar óska þess skriflega með rökstuðningi. Slíkan fund skal halda innan þriggja vikna frá móttöku slíkrar beiðni.

Aðalfund skal auglýsa með 2 vikna fyrirvara og aðra félagsfundu skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist 7 dögum fyrir auglýstan fundartíma og skulu kynntar félagsmönnum í síðasta lagi 6 dögum fyrir aðalfund.

15.grein

Aukaaðalfundar má halda ef stjórn álitur það nauðsynlegt eða er orðin óstarfhæf. Allir boðunar- og tilkynningafrestir til aukaaðalfundar mega vera helmingi styttri en til reglulegs aðalfundar. Á aukaaðalfundi má ekki gera lagabreytingar nema þær sem framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur lagt til. Þá má ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðarstjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér, hætt störfum að öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um hann sömu reglur og um reglulegan aðalfund.

16. grein

Reikningsár klúbbsins er almanaksárið, frá 1. janúar til 31. Desember. Skoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

Þessi eru störf reglulegra aðalfunda:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Kosning fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
4. Skoðaðir reikningar lagðir fram.
5. Umræður og atkvæðagreiðslur um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
6. Framkomnar tillögur og fjárhagsáætlun.

Lög Golfklúbbsins Vestarr.

7. Kosning formanns
8. Kosning ritara / gjaldkera
9. Kosning formanna nefnda, sbr. 10.grein.
10. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
11. Önnur mál.

17. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður á fundum. Atkvæðisrétt hafa þeir félagar sem náð hafa 18 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til að samþykkja breytingar á lögum. Kosning skal fara fram með handauppréttingu eða skriflega samkvæmt ákvörðun fundarstjóra. Óski 1/3 fundarmanna eftir skriflegum kosningum skal orðið við því. Aðalfundur skal kjósa fundarstjóra og fundarritara eftir tillögum stjórnar. Að loknum aðalfundi skal fundargerð birt með rafrænum hætti og berist ekki athugasemdir innan 14 daga frá birtingu skal hún skoðast samþykkt. Séu fundargerðir þannig samþykktar og undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara auk viðstaddra stjórnarmanna skoðast þær sem rétt sönnun um ákvarðanir fundarins.

V. Ýmis ákvæði

18. grein

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst helmingur félagsmanna sækir fundinn og tillagan fær gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana. Mæti ekki nægilega margir skal boðað til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana. Eignir félagsins skulu afhentar Grundarfjarðarbæ til varðveislu og umsjá.

19. grein

Lög þessi taka gildi að loknum aðalfundi, með fyrirvara um staðfestingu HSH og framkvæmdarstjórnar ÍSÍ

20. grein

Lög þessi samþykkt 27 júlí 1995

Breytt 31. Janúar 2010

Breytt 14 janúar 2025